

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 8/2013.

Reykjavík, 11.03.2013

2012120310

Efni: Innköllun af markaði á rauðu pestó, villisveppasósu, villisveppasúpu, gulrótarsúpu og hnetusteik frá Lifandi markaði vegna ómerktra ofnæmis- og óþolsvalda (soja, súlfít og hveiti).

Lifandi markaður hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði rautt pestó, villisveppasósa, villisveppasúpa, gulrótarsúpa og hnetusteik vegna ómerktra ofnæmis- og óþolsvalda. Allar þessar vörur eru merktar og framleiddar af Lifandi markaði.

Rautt pestó inniheldur soja.
Villisveppasósa inniheldur soja og súlfít.
Villisveppasúpa inniheldur súlfít og hveiti.
Gulrótarsúpa inniheldur súlfít.
Hnetusteik inniheldur soja.

Dreifing: Verslanir Lifandi markaðar í Borgartúni, Fákafeni og Hæðarsmára.

Soja og afurðir úr því, súlfít, í styrk sem er yfir 10 mg/kg eða 10 mg/l, og hveiti og afurðir úr því eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Samkvæmt matvælaölggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að vörurnar eru skaðlausar fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir soja og afurðum úr því, súlfíti og hveiti og afurðum úr því.



